

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 12. febrúar 2010 í máli nr. S-708/2009:

### Ákærvaldið

*(Karl Ingi Vilbergsson fulltrúi)*

**gegn**

**Sophiu Guðrínu Hansen.**

*(Kristján Stefánsson hrl.)*

## I

Málið, sem dómtekið var 2. febrúar síðastliðinn, er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 22. júní 2009 á hendur „Sophiu Guðrínu Hansen, kennitala 000000-0000, fyrir rangar sakargiftir, með því að hafa falið lögmanni að kæra fyrir sína hönd, með kærubréfi til lögreglu, dagsettu 20. júlí 2007, fölsun á nafni sínu á þremur viðskiptabréfum, samtals að fjárhæð krónur 42.069.051, og í vitnaskýrslu hjá lögreglu þann 27. nóvember 2007, lýst því yfir að hana grunaði Sigurð Pétur Harðarson, kt. 000000-0000, eða einhvern á hans vegum um að hafa falsað undirskriftir sínar og þannig komið því til leiðar að Sigurður Pétur var ranglega sakaður um skjalafals.

Telst þetta varða við 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærða neitar sök og krefst sýknu, en til vara vægustu refsingar. Þess er krafist að sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði.

## II

Með bréfi til lögreglunnar í Reykjavík 20. júlí 2007 kærði lögmaður ákærðu fölsun á nafni hennar á þrjú viðskiptabréf. Ákærða hafði með bréfi 29. júní sama ár falið lögmanninum að kæra fölsun á nafni hennar á þessi bréf. Bréfin eru í fyrsta lagi tryggingabréf að fjárhæð 20.000.000 króna, sagt útgefið í Istanbul 28. janúar

2005. Það er vottað af framangreindum Sigurði Pétri og Rúnu Hansen, dóttur ákærðu. Í kærubréfinu kemur fram að ákærða segi að nafn Rúnu sé nær örugglega falsað. Í öðru lagi er um að ræða veðskuldabréf að fjárhæð 3.000.000 króna, sagt útgefið í Istanbul 11. júlí 2005. Það er einnig vottað af þeim Sigurði Pétri og Rúnu. Í kærubréfinu kemur fram að ákærða segi að nafn Rúnu sé nær örugglega falsað. Í þriðja lagi er skuldaviðurkenning að fjárhæð 19.069.051 króna, sögð útgefin í Reykjavík 4. júní 2007. Hún er vottuð af framangreindum Sigurði Pétri og Sigurði Sigurbjörnssyni. Í kærubréfinu segir enn fremur að ákærðu hafi fyrst orðið kunnugt um tilvist þessara skjala þegar uppboð fór fram á fasteign hennar að Túngötu 32, en tvö fyrstnefndu bréfin voru tryggð með veði í henni.

Ákærða var fyrst yfirheyrð, sem vitni, af lögreglu 26. nóvember 2007 og kvað hún þá undirskrift sína vera falsaða á þessi þrjú skjöl. Hún var spurð hvort hún grunaði einhvern um að hafa falsað undirskrift hennar og svaraði hún því til að hún grunaði framangreindan Sigurð Pétur Harðarson, eða einhvern á hans vegum, um að hafa falsað undirskrift sína á skjölin. Ákærða var yfirheyrð sem kærð 14. apríl 2008 og þá kynnt niðurstaða rithandarrannsóknar sem gerð verður grein fyrir hér á eftir. Ákærða neitaði sem fyrr að hafa ritað nafn sitt undir skjölin.

Sigurður Pétur Harðarson var yfirheyrður hjá lögreglu sem sakborningur 9. janúar 2008. Hann kvað ákærðu hafa undirritað framangreind skjöl og hefði hann og hinir vottarnir vottað undirskrift hennar. Hann hefði verið viðstaddur þegar hinir vottarnir vottuðu undirskrift hennar á veðskuldabréfið og skuldaviðurkenninguna, en ákærða hefði farið með tryggingabréfið til dóttur sinnar til vottunar.

Lögreglan hafði samband við Rúnu Hansen símleiðis og sendi henni í tölvupósti skjölin, sem hún átti að hafa vottað. Rúna skoðaði skjölin og kvaðst ekki hafa ritað nafn sitt á þau.

Lögreglan sendi viðskiptabréfin ásamt beinum og óbeinum rithandarsýnum ákærðu og beinum rithandarsýnum Sigurðar Péturs til Statens kriminaltekniska laboratorium í Linköping til rannsóknar. Óskað var eftir því að kannað yrði hvort sami maður hefði ritað nafn ákærðu á viðskiptabréfin og einnig hvort ákærða hefði gert það. Þá var og beðið um að rannsakað yrði hvort Sigurður Pétur hefði ritað nafn ákærðu á bréfin.

Niðurstaða rannsóknarinnar benti eindregið til þess að vefengdu undirskriftirnar, það er á viðskiptabréfunum, séu gerðar af einum og sama einstaklingi og að þær séu eftir ákærðu. Þá bentu niðurstöðurnar til þess að vefengdu undirritanirnar væru ekki gerðar af Sigurði Pétri Harðarsyni.

### III

Við aðalmeðferð kvaðst ákærða hvorki kannast við framangreind viðskiptabréf né að hafa skrifað undir þau. Hún kvaðst heldur ekki vita hver hafi ritað undir þau. Hún kannaðist hins vegar við að hafa fengið lögmann til að kæra fölsun á undirritun sinni. Hún staðfesti einnig að hafa borið hjá lögreglu að sig grunaði að Sigurður Pétur Harðarson, eða einhver á hans vegum, hefði falsað nafnritun sína á bréfin. Hún kvaðst hafa byggt grun sinn á því að hann hefði haft

Þessi bréf undir höndum og eins hefði hann höfðað mál á hendur sér og byggt á þeim. Ákærða kvað undirskriftirnar líkjast sinni skrift en hún hefði ekki ritað nafn sitt undir bréfin. Hún kvað hvorki niðurstöðu rithandarrannsóknar né framburð vitna breyta þessum framburði sínum. Þá kvað hún útilokað að dóttir hennar hefði getað vottað bréfin, enda skildi hún ekki íslensku, talaði hana hvorki né læsi. Þá kvað hún nefndan Sigurð Pétur ekki hafa verið í sambandi við dóttur sína. Ákærða kvaðst ekki hafa rætt við Ragnar Halldór Hall hæstaréttarlögmann um gerð tryggingabréfsins.

Sigurður Pétur Harðarson bar að hann hefði vottað undirritun ákærðu á framangreind viðskiptabréf. Hann kvað ákærðu hafa ritað nafn sitt undir framangreint veðskuldabréf 11. júlí 2005 í tilteknu hótélherbergi í Istanbul. Rúna Hansen, dóttir ákærðu, hefði verið viðstödd og hefði hún einnig ritað nafn sitt undir bréfið í sinni viðurvist. Kvað Sigurður Rúnu hafa velt fyrir sér hvort hún ætti að rita undir tyrkneskt nafn sitt eða íslenskt og hafi hann ráðlagt henni að skrifa nafnið eins og það væri skrifað í íslenska vegabréfinu sem þá var í gildi. Hann kvað ákærðu einnig hafa ritað nafn sitt undir framangreint tryggingabréf á sama hótélherbergi í Istanbul 28. janúar 2005. Sigurður kvaðst hins vegar ekki hafa séð dóttur ákærðu rita nafn sitt á bréfið, heldur hefði ákærða farið með bréfið til dóttur sinnar sem hefði vottað undirritun ákærðu. Ákærða hefði svo komið með bréfið til baka til sín. Sigurður bar að ákærða hefði ritað nafn sitt undir skuldaviðurkenninguna í eldhúsinu að Túngötu 32 að sér og Sigurði Sigurbjörnssyni viðstöddum. Sigurður kvað skuldaviðurkenninguna hafa verið undirritaða 5. júní 2007, en hún hefði verið samin 4. júní og þess vegna væri sú dagsetning á henni. Sigurður Pétur var spurður allítarlega um samskipti hans við ákærðu, bæði fjárhagsleg og önnur, en ekki eru efni til að rekja þann framburð.

Dóttir ákærðu, Rúna Hansen, gaf skýrslu í gegnum síma, en hún er búsett í Tyrklandi. Hún var spurð um það hvort hún hefði vottað framangreind skjöl og kvaðst hún ekki hafa gert það. Hún kannaðist við að lögreglan hefði sent henni skjölin í tölvupósti eins og rakið var. Rúna ítrekaði að hún hefði ekki ritað nafn sitt á skjölin. Rúna kvaðst ekki hafa hitt Sigurð Pétur Harðarson í Istanbul 2005.

Sigurður Sigurbjörnsson bar að hafa vottað skuldaviðurkenninguna og hafi ákærða ritað undir hana í sinni viðurvist. Þetta hafi gerst að Túngötu 32 og hafi Sigurður Pétur Harðarson einnig verið viðstaddur og vottað undirritun ákærðu undir skjalið. Hann kvaðst ekki muna nákvæmlega hvenær þetta var en það hafi verið sumarið 2007.

Ulla-Britt Åberg sérfræðingur við Statens kriminaltekniska laboratorium í Linköping rannsakaði framangreind viðskiptabréf og bar ætlaðar undirritanir ákærðu saman við rithandarsýnishorn frá henni og Sigurði Pétri. Enn fremur hafði hún undir höndum önnur skjöl sem ætlað var að ákærða hefði undirritað. Hún staðfesti framangreinda niðurstöðu sína og útskýrði hvernig hún vann rannsóknina. Hún kvaðst hvorki hafa orðið vör við óöryggi né breytingar í undirskriftunum á viðskiptabréfunum. Þær virtust vera vel gerðar. Hún kvaðst og hafa athugað sýnishorn frá ákærðu og Sigurði Pétri og virtust þau einnig hiklaust gerð og nokkuð einsleit. Hún kvað það benda til þess að sýnishornin gæfu rétta mynd af því hvernig þau rituðu nafnið. Þá var og rannsakað hvort sami aðili hefði undirritað öll skjölin og hafi hún fundið svo mikið innra samræmi í þeim að allt benti til þess að sami aðili hefði gert það. Hún kvaðst einnig hafa borið undirritanirnar undir skjölin

saman við nafnritun ákærðu og kvaðst hún hafa fundið margar samsvaranir þar á milli, bæði varðandi stíllinn almennt sem og form einstakra bókstafa. Þessar samsvaranir voru það miklar að allt benti til þess að ákærða hefði sjálf undirritað skjölin. Hún kvaðst einnig hafa borið undirritanirnar undir skjölin saman við sýnishorn frá Sigurði Pétri og þá bara fundið hversdagslegan svip og þá aðeins við gerð stafsins e í eftirnafninu. Að öðru leyti var um frávík að ræða og þau bentu eindregið til þess að hann hefði ekki ritað undir skjölin. Hún kvað annan sérfræðing hafa farið yfir niðurstöðu sína og hann hafi staðfest hana.

Ragnar Halldór Hall hæstaréttarlögmaður staðfesti að hafa samið tryggingabréfið sem um ræðir í málinu, það er skrifað meginmálið og sent það frá sér í tölvupósti til Sigurðar Péturs, en hann var þá í Istanbul. Ragnar kvaðst hafa fengið það staðfest frá ákærðu að henni væri kunnugt um að Sigurður Pétur hefði leitað til hans um gerð tryggingabréfsins og hún væri samþykkt því að láta honum trygginguna í té. Hann kvaðst hafa haft áritun fyrir vottana bæði á ensku og íslensku, enda gat hann ekki vitað hverjir vottarnir yrðu og hvort þeir skildu íslensku.

Eiríkur Gunnsteinsson héraðsdómslögmaður staðfesti að hann hefði samið skuldaviðurkenninguna. Hann hefði haft upplýsingar um fjárhæðina frá Sigurði Pétri.

Hörður Pétursson, faðir Sigurðar Péturs, staðfesti að hann hefði samið framangreint veðskuldabréf með aðstoð Sigurðar. Hann kvað ákærðu hafa skuldað sér og Sigurði Pétri peninga. Hörður kvaðst hafa rætt við ákærðu um skuldina þar sem hún var í Tyrklandi. Það varð úr að hann lánaði henni þessa fjárhæð. Sigurður Pétur hafi fengið hluta til að greiða reikninga fyrir ákærðu, en hluta hafi hann sjálfur notað til að greiða skuldir ákærðu.

#### IV

Ákærða neitar sök og hún neitar einnig að hafa undirritað þau þrjú viðskiptabréf sem um ræðir í málinu. Hún hefur hins vegar kannast við að hafa látið lögmann sinn kæra fölsun á nafni sínu á bréfunum til lögreglu. Hér að framan var gerð grein fyrir niðurstöðu rithandarrannsóknar, en samkvæmt henni undirritaði ákærða þessi þrjú skjöl. Þá hafa vottarnir að skuldaviðurkenningunni borið að hafa verið viðstaddir þegar ákærða undirritaði hana. Sigurður Pétur Harðarson vottaði undirritun ákærðu á hin bréfin ásamt dóttur hennar og bar hann að hún hefði undirritað þau í sinni viðurvist. Dóttir ákærðu bar á annan veg, eins og rakið var, en vegna tengsla hennar við ákærðu verður ekki á því byggt. Með vísun til þessa telur dómurinn sannað, gegn neitun ákærðu, að hún hafi sjálf ritað nafn sitt á þau þrjú viðskiptabréf sem fjallað hefur verið um. Þrátt fyrir þetta lét ákærða lögmann sinn kæra fölsun á nafni sínu til lögreglu og lýsti því síðan í lögregluskýrslu 27. nóvember 2007 að hún grunaði Sigurð Pétur Harðarson, eða einhvern á hans vegum, um fölsunina. Með þessu kom ákærða því til leiðar að hann var ranglega sakaður um skjalafals. Samkvæmt framansögðu verður ákærða sakfelld fyrir það sem henni er gefið að sök í ákærðunni og er brot hennar þar rétt fært til refsíákvæðis.

Ákærða hefur ekki áður gerst sek um lögbrot og er refsing hennar hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi sem bundin skal skilorði eins og segir í dómsorði.

Ákærða verður dæmd til að greiða málsvarnarlaun verjanda síns eins og nánar greinir í dómsorði.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

## **D Ó M S O R Ð :**

Ákærða, Sophia Guðrún Hansen, sæti fangelsi í 6 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum 3 árum frá birtingu dómsins fyrir ákærðu, haldi hún almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða greiði málsvarnarlaun verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 251.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Arngrímur Ísberg.